

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1000
komudagur 5/3 1997
Reykjavík, 5. mars 1997

Efni: Frumvarp til laga um sanningsveð, mál nr. 234.

Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og óska af því til-efni að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Samtökin hafa tvívegis sent umsagnir, dags. 26.4.93 og 27.02.96, um frumvörp til laga um sanningsveð sem eru í megindráttum samhljóða því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Skoðanir Samtakanna á þeim efnisþáttum sem þar eru gerðar að umtalsefni eru óbreyttar og eru þær ítrekaðar hér á eftir.

Skuldaraskipti við fasteignakaup - 20. gr.

Í 20. grein frumvarpsins er ákvæði sem orkar tvímælis og Samtökin hafa áður gert athugasemd við, þess efnis að við fasteignakaup, þar sem kaupandi tekur að sér greiðslu veðskuldar geti kaupandi við þinglýsingu afsals orðið skuldbundinn gagnvart veðhafa en seljandi laus undan skuldbindingu sinni án samþykkis kröfuhafa. Þessi regla er að visu frávikjanleg, þannig að hægt er að hafa ákvæði um að lán megi gjaldfella að hluta eða öllu leyti við eigendaskipti að veðsettri fasteign, eða að persónuleg skuldarábyrgð seljanda haldist gagnvart veðhafa, þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu, nema til komi samþykki veðhafa.

Augljóst er að tilgangurinn með ákvæði 1. tl. 20. gr. er sá að auðvelda eigendaskipti að fasteignum, en varhugavert er að gera það með þeim hætti að víkja frá þeirri meginreglu að skuldskeyting skuli hljóta formlegt samþykki kröfuhafa. Benda má á að þessi regla getur skaðað kröfuhafa án þess að hann fái rönd við reist ef veð hefur rýrnað þannig að það nægir ekki fyrir skuldum. Eigandi fasteignar sem þannig er ástatt um getur verið borgunarmaður fyrir kröfunni þrátt fyrir þetta en firt sig persónulegri skuldarábyrgð með afsali eignarinnar, án samþykkis kröfuhafa. Í þessu efni er ekki hægt að fallast á þau rök að hér skuli vega þyngra að koma í veg fyrir óhagræði seljanda af því að vera persónulega ábyrgur gagnvart kröfuhafa jafnvel árum saman eftir sölu fasteignar. Vilji seljandi fasteignar losna undan þessari ábyrgð er eðlilegt að hann afli til þess formlegs samþykkis veðhafa.

Að öðru leyti ber þetta ákvæði vitni um úreltan hugsunarhátt varðandi áherslur lánveitanda, þar sem öll áhersla er hér lögð á að lánveitandi haldi veðkröfu sinni en hægt á að vera að skipta um skuldara án samþykkis kröfuhafa. Þessi tilhögun er fráleit í nútíma lánsviðskiptum. Nú er öll áhersla hjá lánastofnunum lögð á að meta lánþega, sem flokkaðir eru í kjörvaxtaflokkka eftir fjárhagsstöðu, en ekki eftir veðhæfi eigna þeirra.



Rekstrarveð - 24. gr.

Annað atriði sem Samtökin telja að skoða verði sérstaklega eru ákvæði í 24. gr. frumvarpsins um rekstrarveð, sem felur í sér mjög rúmar heimildir þeirra sem atvinnurekstur stunda til að veðsetja ósundurgreint lausafé með fasteignum. Slík veðsetning á að mati Samtakanna að vera undantekning en ekki meginregla eins og hér virðist gengið út frá. Slík veðsetning hefur hefur til þessa verið takmörkuð við iðnaðarhúsnæði, bújarðir, skip og flugvélar, en verður nú almennt heimil.

Hér er að dómi Samtakanna allt of langt gengið að því leyti að allar vélar, tæki og jafnvel smæstu áhöld verða sjálfkrafa veðsett um leið og þessi tæki eru komin inn fyrir dyr á fasteign sem veðsett er með þessum hætti. Mun eðlilegra væri að hafa sem meginreglu að við veðsetningu sé tilgreint hvaða vélar og tæki eru veðsett. Veðsetning nái til þeirra tækja svo og tækja sem koma í þeirra stað við endurnýjun, en ekki viðbótartækja og búnaðar nema slíkum viðbótum verði sérstaklega þinglýst. Með þessum hætti væri dregið úr líkum á ágreiningi sem annars hlýtur að koma upp varðandi stöðu veðhafa við sölu eða ráðstöfun eigna. Einnig gætu þá síðari veðhafar auk fasteignaveðs stofnað til veðréttar í rekstrartækjum sem þannig hefðu sannanlega bæst við eftir að eldri rekstrarveðssamningi var þinglýst. Þar með félli niður ákvæði í 6. tl. 24. gr. um bann við veðsetningu einstakra rekstrartækja ef rekstrarveðssamningur er í gildi.

Samtökin eru sammála þeirri meginstefnu að að rýmka og samræma heimildir til veðsetninga en telja að hér sé gengið út á ystu nöf hvað varðar heimildir til veðsetningar ótilgreindra véla og tækja.

Veðsetning skráðra réttinda (kvóta) - 3. gr.

Í 4. tl. 3. gr. fyrirleggjandi frumvarps er að finna nýmæli um hvernig fara skuli með skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri sem eru skráð á fjárverðmæti sem eru veðsett. Helstu dæmi um slík réttindi eru aflahlutdeild (kvóti) sem skráð eru á skip og greiðslumark sem skráð er á lögbyli.

Bannað er að veðsetja þessi réttindi. Frumvarpið tryggir, að því er virðist, að slík réttindi verði ekki skilin frá skipi eða býli sem þau eru skráð á og hafa verið veðsett nema með samþykki veðhafa. Í greinargerðinni er tekið fram að almennar breytingar að hálfu löggjafans á þessum réttindum skapi engan bótarétt. Eftir því sem segir í greinargerð er verið að undirstrika að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og að úthlutun kvóta myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þetta er ágætt svo langt sem það nær en eyðir alls ekki þeirri óvissu sem veðhafinn og handhafi kvótans býr við, nema síður sé. Það er auðvitað öllum ljóst að í flestum tilfellum er það kvótinn en ekki skipið sem er hið raunverulega verðmæti sem um er vélað.

Samtök iðnaðarins eru þeirrar skoðunar að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og að nauðsynlegt er að tryggja eins og kostur er öryggi og stöðugleika í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og þar með grundvöll fyrir samskiptum þeirra við lánardrottna og aðra viðskiptavini. Þess vegna þarf Alþingi að taka af skarið um það til hve langs tíma þessum réttindum er úthlutað og hvernig með skuli fara þegar þeim er skilað til baka til eigandans (þjóðarinnar/ríkisins).

Með þessu vinnst tvennt. Í fyrsta lagi vita útgerðarfyrirtækin til lengri tíma hver hlutdeild þeirra er í heildarkvótanum og búa af þeim sökum við aukið rekstraröryggi. Í öðru lagi geta lánardrottinnar betur metið áhættu af viðskiptum sínum og tekið veð í skipum og kvóta með hliðsjón af þeim tíma sem kvótinn verður fyrirsjáanlega í höndum



útgerðarfyrirtækisins. Lánstími og lánskjör geta þá miðast við ákveðinn kvóta til ákveðins tíma. Með öðrum orðum er veðið skýrt afmarkað.


Almennt um afleiðingar rúmra veðsetningarheimilda

Með þeim viðtæku heimildum til veðsetningar í atvinnurekstri sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og Samtökin telja vissulega nauðsynlegar, fylgja nokkrar aukaverkanir sem verður að telja óheppilegar og þyrfti að bregðast við með einhverjum hætti. Norðmenn hafa búið við rúmar heimildir til veðsetningar frá árinu 1980 og þar hafa þessir gallar komið berlega í ljós og þar íhuga menn leiðir til úrbóta.

Gallarnir eru helst þeir að staða almennra kröfuhafa verður mjög veik vegna þess að allar eignir búans eru meira eða minna veðsettar og möguleikar þeirra til þess að fá fullnustu sinna krafna verða hverfandi. Veðhafarnir hafa þess vegna tögl og haldir ef greiðsluferfiðleikar verða og enn frekar ef til gjaldþrots kemur. Annað vandamál þessu tengt er að komi til gjaldþrots eru sjaldnast til fjármunir til þess að láta fara fram, á vegum búans, eðlilegar rannsóknir á meintum brotum þrotamanns. Afleiðingin er sú að menn komast undan því að sæta refsíabyrgð vegna misferlis í rekstrinum.

Samtök iðnaðarins telja rétt að kanna vandlega leiðir til þess að bregðast við þessum vandamálum. Trúlega þarf að gera breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti í þessu sambandi. Til þess að tryggja bústjóra tækifæri til þess að rannsaka bú og gera sem mest úr eignum væru hugsanlega rétt að setja ákvæði þess efnis að í stað þess að veðhafi fái andvirði veðs að fullu verði t.d. 5% sett til hliðar til þess að tryggja búinu fjármuni til eðlilegrar skoðunar og meðferðar eigna þess.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri